

## LEIÐBEININGABLAÐ 5

### UM SAMÞYKKT OG STAÐFESTINGU SKIPULAGSÁÆTLANA

Samkvæmt nýjum skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 er landið allt skipulagsskytt og skulu framkvæmdir vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Aðal- og svæðisskipulagsáætlanir skulu samþykktar af sveitarstjórnunum og staðfestar af umhverfisráðherra en deiliskipulag samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn.

#### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING SVÆÐISSKIPULAGS

Tillögu að nýju svæðisskipulagi eða að breytingu á gildandi skipulagi skal kynna íbúum og sveitarstjórnnum hlutaðeigandi og aðliggjandi sveitarfélaga og auglýsa með áberandi hætti\*. Að afloknum kynningartíma og eftir að samvinnunefnd og sveitarstjórnir hafa samþykkt skipulagsáætlunina sendir samvinnunefnd hana til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Ráðherra birtir auglýsingu um staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

\*Sjá enn fremur leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 4 um breytingar á svæðisskipulagi.

#### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING AÐALSKIPULAGS

Tillögu að nýju aðalskipulagi eða að breytingu á gildandi skipulagi skal senda Skipulagsstofnun til athugunar áður en til lögbundinnar auglýsingar kemur\*. Að afloknum kynningartíma og eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt skipulagsáætlunina sendir hún hana til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Ráðherra birtir auglýsingu um staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

\*Sjá enn fremur leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 2 um breytingar á aðalskipulagi.

#### SAMÞYKKT DEILISKIPULAGS

Deiliskipulag eða breytingu á gildandi deiliskipulagi skal senda Skipulagsstofnun til athugunar að afloknum kynningartíma þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillöguna\*. Skipulagsstofnun kannar hvort form- eða efnisgallar eru á deiliskipulaginu og kemur athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið ef svo er. Sveitarstjórn birtir síðan auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

\*Sjá enn fremur leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar nr. 9. um gerð og framsetningu deiliskipulags og nr. 3 um breytingar á deiliskipulagi.

#### UNDIRRITUN SKIPULAGSÁÆTLANA

Skipulagsáætlun (greinargerð og uppdrættir) er samþykkt af sveitarstjórn og undirrituð fyrir hönd sveitarstjórnar af sveitarstjóra eða öðrum starfsmanni sveitarstjórnar sem hún hefur veitt umboð til þess.

Ef skipulagsáætlun fylgja skýringaruppdrættir þarf að koma greinilega fram á þeim hvort þeir eru til samþykktar eða staðfestingar.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að staðfesta skipulagsáætlanir nema ákvæða laganna hafi verið gætt. Samþykkt og staðfesting skipulagsáætlana þarf því að vera með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru lögnum.

## SVÆÐISSKIPULAG

gr. 6.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998

„Að liðnum fresti til að skila athugasemdum skal samvinnunefnd taka afstöðu til athugasemda og senda innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær.

Hafi borist athugasemdir við tillögu skal samvinnunefnd auglýsa niðurstöður sínar með áberandi hætti. Í auglýsingu skal koma fram hvort samvinnunefnd hafi samþykkt skipulagstillögu, með eða án breytinga, og hvar hægt sé að nálgast athugasemdir gerðar við tillöguna og umsagnir samvinnunefndar um þær. Jafnframt skal samvinnunefndin senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn sína um þær.

Ákveði samvinnunefnd, að fengnum athugasemdum, að breyta tillögu að svæðisskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik samkvæmt gr. 6.2.1.

Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna frá því að tillaga samvinnunefndar að svæðisskipulagi barst þeim taka afstöðu til tillögunnar. Tjái sveitarstjórnir sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt skipulagstillöguna.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar, og að svo miklu leyti sem, allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkt svæðisskipulag til Skipulagsstofnunar í þremur eintökum auk eins eintaks fyrir hverja hlutaðeigandi sveitarstjórn, ásamt athugasemdum og umsögn samvinnunefndar um þær. Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag. Unnt er að staðfesta tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.“

## GÖGN vegna staðfestingar svæðisskipulags

### Til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra:

- ◆ Afrit af auglýsingum um tillöguna og lýsing á kynningu hennar.
- ◆ Samþykktir uppdættir og greinargerð í þremur eintökum auk eins eintaks fyrir hvert hlutaðeigandi sveitarfélag (tvö eintök verða varðveitt á Skipulagsstofnun og eitt í umhverfisráðuneyti).
- ◆ Afrit af umsögnum viðeigandi stofnana og athugasemdum sem bárust.
- ◆ Niðurstaða samvinnunefndar og umsagnir hennar um athugasemdir.
- ◆ Samþykktir sveitarstjórna.
- ◆ Afrit af auglýsingu samvinnunefndar um niðurstöðu sína, þar sem það á við.

### SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARTEXTI í greinargerð og á uppdætti

Svæðisskipulag XXX 2006-20XX sem auglýst hefur verið samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. frá \_\_\_\_ til \_\_\_\_ 2006 var samþykkt í samvinnunefnd þann \_\_\_\_ 2006.

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Svæðisskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann \_\_\_\_ 2006.

\_\_\_\_\_

Svæðisskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann \_\_\_\_ 2006.

\_\_\_\_\_

Svæðisskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.

## DAEMI: Auglýsing um samþykkt svæðisskipulags

### Auglýsing samvinnunefndar um niðurstöðu sína

sbr. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.3.1 í skipulagsreglugerð.

#### Svæðisskipulag Norðursvæðis 2006-2018

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Norðursvæðis samþykkti þann 24. apríl sl. tillögu að Svæðisskipulagi Norðursvæðis 2006-2018. Tillagan var auglýst þann 2. maí og lá frammi til kynningar til 30. maí sl. Frestur til að skila athugasemdum rann út 13. júní og bárust 14 athugasemdir. Samvinnunefnd hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína.

Vegna athugasemdana voru gerðar nokkrar minniháttar breytingar á skipulags-tillögunni: Reiðstígur yfir Brimnes var færður til norðurs, veglínu fyrirhugaðs Dalsvegur var hnikað til vesturs við Stórholt og svæði fyrir frístundabyggð við Sunnuhvol var stækkað.

Skipulagstillagan hefur verið send sveitarstjórnnum Norðursvæðis til samþykktar og hafa þær 6 vikur til að fjalla um niðurstöðu samvinnunefndar. Samþykkt svæðisskipulag mun síðan sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisstjórnar um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu samvinnunefndar geta snúið sér til skrifstofu Héraðssambands Norðursvæðis, Vesturgötu 25, Staðarbæ. Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu héraðssambandsins, [www.nordursvaedi.is](http://www.nordursvaedi.is).

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag Norðursvæðis.**

## AÐALSKIPULAG

### gr. 6.3.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998

„Að liðnum fresti til að skila athugasemdum skal sveitarstjórn fjalla um skipulagstillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á skipulagstillögunni.

Hafi borist athugasemdir við tillögu skal sveitarstjórn auglýsa niðurstöður sínar með áberandi hætti. Í auglýsingu skal koma fram hvort sveitarstjórn hafi samþykkt skipulagstillögu, með eða án breytinga, og hvar hægt sé að nálgast athugasemdir gerðar við tillöguna og umsagnir skipulagsnefndar um þær.

Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik samkvæmt gr. 6.2.2.

Pegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun það til afgreiðslu í fjórum eintökum, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir samkvæmt gr. 6.2.2 rann út. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að samþykkt aðalskipulag barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu þess, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar, að öllu leyti eða að hluta, skal rökstudd með greinargerð þar sem komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.“

## GÖGN vegna staðfestingar aðalskipulags

### Til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra:

- ◆ Afrit af auglýsingum um tillöguna og lýsing á kynningu hennar.
- ◆ Samþykktir uppdættir og greinargerð í fjórum eintökum (tvö eintök verða varðveitt á Skipulagsstofnun og eitt í umhverfisráðuneyti).
- ◆ Afrit af umsögnum viðeigandi stofnana og athugasemdum sem bárust.
- ◆ Niðurstaða sveitarstjórnar og umsagnir hennar um athugasemdir.
- ◆ Afrit af auglýsingu sveitarstjórnar um niðurstöðu sína.

## SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARTEXTI í greinargerð og á uppdætti

Aðalskipulag XXXX 2006-20XX sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn [*nafn sveitarfélags*] þann \_\_\_\_\_ 2006.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_ 2006.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_ 2006.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.

## DÆMI: Auglýsing um samþykkt aðalskipulags

### Auglýsing sveitarstjórnar um niðurstöðu sína

sbr. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.3.2 í skipulagsreglugerð.

#### Aðalskipulag Staðarbæjar 2006-2018

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti þann 28. apríl sl. tillögu að Aðalskipulagi Staðarbæjar 2006-2018. Tillagan var auglýst þann 9. febrúar og og lá frammi til kynningar til 9. mars sl. Frestur til að skila athugasemdum rann út 23. mars sl. og bárust 7 athugasemdir. Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína.

Vegna athugasemdanna voru gerðar nokkrar breytingar á skipulagstillögunni, m.a. var athafnasvæði norðan Tjarnarstígs felld út og fyrirhuguð Víkurbraut færð til vesturs.

Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um aðalskipulagið og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Staðarbæjar, Vesturgötu 25. Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Staðarbæjar, [www.stadarbaer.is](http://www.stadarbaer.is).

**Bæjarstjóri Staðarbæjar.**

## DEILISKIPULAG

gr. 6.3.3. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998

„Að liðnum fresti til að skila athugasemdum skal sveitarstjórn fjalla um skipulagstillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun samkvæmt 4. mgr.

Hafi borist athugasemdir við tillögu skal sveitarstjórn auglýsa niðurstöður sínar með áberandi hætti. Í auglýsingu skal koma fram hvort sveitarstjórn hafi samþykkt skipulagstillögu, með eða án breytinga, og hvar hægt sé að nálgast athugasemdir gerðar við tillöguna og umsagnir skipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik samkvæmt 1.mgr.

Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn innan tveggja vikna frá því að henni barst deiliskipulagið.“

## GÖGN vegna athugunar Skipulagsstofnunar

### Til athugunar hjá Skipulagsstofnun eftir auglýsingu og samþykkt deiliskipulags:

- ◆ Afrit af auglýsingum tillögunnar og lýsing á kynningu hennar.
- ◆ Samþykktir uppdættir og greinargerð í einu eintaki (sem varðveitt verður á Skipulagsstofnun) ásamt fylgiskjölum.
- ◆ Afrit af umsögnum viðeigandi stofnana og athugasemdum sem bárust.
- ◆ Niðurstaða sveitarstjórnar og umsagnir hennar um athugasemdir.

## SAMÞYKKTARTEXTI í greinargerð og á uppdætti

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn [ *nafn sveitarfélags* ] þann \_\_\_\_\_ 2006.

*Þegar við á skal birta eftirfarandi fyrirvara:*

Deiliskipulag þetta er samþykkt með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m. s. br.

## DÆMI: Auglýsing um samþykkt deiliskipulags

### Auglýsing sveitarstjórnar um niðurstöðu sína

sbr. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.3.3. í skipulagsreglugerð.

#### Deiliskipulag Víkurhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti þann 26. maí 2006 deiliskipulag Víkurhverfis, sem afmarkast af Sunnuvegi, Mánastíg, Tjarnarstíg og Búðará. Athugaendur bárust á kynningartímanum og bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Vegna athugasemdanna var gerð sú breyting á skipulagstillögunni að íbúðarsvæði var fært fjær Búðará.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til athugunar. Deiliskipulagið hlýtur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Staðarbæjar, Vesturgötu 25. Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Staðarbæjar, [www.stadarbaer.is](http://www.stadarbaer.is).

Bæjarstjóri Staðarbæjar.

## DÆMI: Auglýsing um gildistöku deiliskipulags

### Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda

sbr. 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

#### Auglýsing um deiliskipulag Víkurhverfis, Staðarbæ

Bæjarstjórn Staðarbæjar samþykkti þann 26. maí 2006 deiliskipulag Víkurhverfis í Staðarbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Sunnuvegi, Mánastíg, Tjarnarstíg og Búðará og gerir ráð fyrir íbúðarbyggð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Staður og dags.  
F.h. sveitarstjórnar,  
NN

#### SKIPULAGSSTOFNUN

Laugavegi 166 ♦ 150 Reykjavík

Sími 595 4100 ♦ Bréfasími 595 4165

Tölvupóstur [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) ♦ Heimasíða [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)